

PERSÓNUVERNDARSTEFNA

Tilkynningar um aukaverkanir og kvartanir um vörur

Smelltu [hér](#) til að sækja eða prenta út afrit af þessari persónuverndarstefnu um aukaverkanir og kvartanir um vörur.

INNGANGUR OG GILDISSVIÐ

BeiGene heitir því að virða og vernda persónuupplýsingar þínar. Að jafnaði söfnum við ekki persónuupplýsingum um sjúklinga sem nota vörurnar okkar. Stundum þurfum við þó á slíkum upplýsingum að halda til að uppfylla kvaðir um skýrslugjöf og til að fylgjast með öryggi og gæðum varanna okkar. Persónuupplýsingar eru upplýsingar sem varða þig og mögulegt er að tengja aftur við þig.

Ábyrgðaraðilar **gagna hvað varðar persónuupplýsingar þínar** (þ.e. aðilinn sem ákvarðar hvernig og hvers vegna persónuupplýsingar þínar eru notaðar) samkvæmt þessari persónuverndarstefnu eru:

- BeiGene, Ltd., til að hafa umsjón með alþjóðlegu öryggis- og vörugæðaeftirliti og skýrslugerð,
- rekstrareining eða samstarfsaðili BeiGene sem veitir aðstoð í landinu eða á svæðinu þar sem þú býrð, og
- Aðrar rekstrareiningar eða viðskiptafélagar BeiGene sem þurfa að senda þessar skýrslur til eftirlitsyfirvalda í öðrum löndum eða svæðum.

Ef þú hefur spurningar eða kvartanir og vilt hafa samband við ábyrgðaraðila gagna eða gagnaverndarfulltrúa hans skaltu skoða hlutann „**Nýting réttinda þinna**“ hér að neðan.

Þessi persónuverndarstefna um aukaverkanir er fyrir einstaklinga sem veita persónuupplýsingar, eða sem persónuupplýsingar eru veittar um, til BeiGene, Ltd. og/eða dótturfyrirtækja þess („BeiGene“, „við“, „okkur“, „okkar“) í tengslum við kvörtun um vöru eða tilkynningu um aukaverkun*.

*- Ef þú ert þátttakandi í klínískri rannsókn eða annarri rannsókn sem styrkt er af BeiGene og hefur spurningar um hvernig persónuupplýsingar þínar eru meðhöndlaðar eða réttindi þín í tengslum við viðkomandi rannsókn skaltu skoða eintakið af upplýsingablaði fyrir sjúkling og eyðublaðinu fyrir upplýst samþykki sem þú fékkst í hendur.

* „Tilkynnandinn“ er einstaklingurinn sem tilkynnti aukaverkun eða sendi inn kvörtun til BeiGene og „viðfangið“ er einstaklingurinn sem varð fyrir aukaverkuninni eða sem kvörtunin um vöruna varðar. Þetta getur verið einn og sami einstaklingurinn.

Frekari upplýsingar um vinnslu BeiGene á persónuupplýsingum í öðrum tilgangi má finna í **persónuverndarstefnu** okkar.

UPPLÝSINGAR UM BÖRN

Við söfnum persónuupplýsingunum þínum vegna þess að okkur ber lagaleg skylda til þess og á grundvelli lögmætra hagsmuna okkar til að tryggja öryggi og gæði varanna okkar. Þessar skyldur eru óháðar aldri þínum.

Vefsvæðin okkar eru ekki ætluð einstaklingum yngri en 16 ára („börnum“). Við söfnum ekki vísitandi persónuupplýsingum beint frá börnum í gegnum vefsvæði okkar. Ef þú ert barn biðjum við þig því um að **nota ekki vefsvæði okkar né veita okkur nokkrar upplýsingar í gegnum vefsvæði okkar eða á annan hátt** nema við höfum fyrst fengið samþykki foreldris eða forráðamanns, þar sem við á.

BREYTINGAR Á ÞESSARI PERSÓNUVERNDARSTEFNU

Við hyggjumst uppfæra þessa persónuverndarstefnu reglulega til samræmis við starfsvenjur okkar. Því **mælum við með því að skoða þessa persónuverndarstefnu öðru hverju.** Ef um efnislegar breytingar er að ræða gætum við gert ráðstafanir til að gera þér viðvart áður en þær taka gildi.

Gildistökudagur síðustu uppfærslu: 10. nóvember 2023

FLOKKAR PERSÓNUUPPLÝSINGA SEM BEIGENE VINNUR ÚR

Við vinnum úr persónuupplýsingum sem þú veitir okkur eða sem við söfnum og varða tilkynningu þína um aukaverkun eða kvörtun vegna vörunnar. Á síðustu tólf (12) mánuðum gæti þetta hafa falið í sér:

Flokkar	Dæmi
Upplýsingar um auðkenningu viðfangs og/eða tilkynnanda	Nafn, upphafsstafir, persónuauðkenni, opinber auðkenni, kyngervi eða kyn, fjölskylda, númer í sjúkraskrá, aldur eða fæðingardagur, dánardagur eða meðgöngutími (fyrir börn í móðurkviði), undirskrift, þjóðerni, eftirlitsgögn, almannatrygginganúmer, upplýsingar um sjúkratryggingu, umsóknir, fjarskiptafyrirtæki, númer tryggingaskírteinis, auðkennisnúmer áskrifanda, önnur auðkennisnúmer

	(sjúklinganúmer, auðkennisnúmer þátttakanda, auðkennisnúmer starfsmanns, sjúkraskrárnúmer o.s.frv.) og auðkenni á netinu (reikningsauðkenni svo sem notandanafn, kennitala, notandamynd o.s.frv.).
Samskiptaupplýsingar tilkynnanda	Póst- og/eða netfang, heimilisfang eða símanúmer, samskiptaupplýsingar fyrir neyðartilvik
Upplýsingar um aukaverkanir og/eða efni kvörtunar um vöru	Upplýsingar um aukaverkanir og kvartanir, hæð, þyngd, heilsufarsupplýsingar (t.d. einkenni og greining, niðurstöður rannsókna, myndir eða skannanir úr heilbrigðisrannsóknum eða sem sýna heilsufar sjúklings, heilsufarslegir áhættuþættir, meðferðir og niðurstöður rannsókna, hvers kyns aukaverkanir sem þú kannt að finna fyrir við notkun lyfja okkar eða meðferða, lyfseðilsgögn, önnur viðeigandi sjúkrasaga, upplýsingar um lífsstíl) upplýsingar um kynlíf og kynhneigð, fötlun og tegund fötlunar, útsetning einstaklings, erfðafræðileg gögn, gögn úr lífsýnum (hári, þvagi, munnvatni, blóði o.s.frv.).
Gögn um fjölbreytileika	Fötlun og önnur tengd heilsufarsgögn, erfðafræðileg gögn, kynþáttur eða þjóðerni og kynhneigð.
Upplýsingar um virkni tilkynnanda á internetinu eða öðru rafrænu neti	Við söfnum og notum upplýsingar svo sem um IP-tölu, gerð tækis, gerð vafra, tungumál og vafraferil, hvernig þú notar vefsvæði okkar, í því skyni að tryggja rétta virkni þeirra, og fyrir innri viðskiptagreiningu. Frekari upplýsingar má finna í stefnunni um kökur fyrir tiltekna vefsvæðið sem þú hyggst nota.
Atvinnutengdar upplýsingar um tilkynnanda ef viðkomandi er heilbrigðisstarfsmaður	Deild, staðsetning skrifstofu, starfsheiti/hlutverk, þjóðerni
Fjármálagögn	Númer banka- eða fjárhagsreikninga

Ef þú ert heilbrigðisstarfsmaður sem tilkynnir um aukaverkun eða leggur fram kvörtun um vöru gætum við einnig safnað upplýsingum um faglega menntun þína og hæfi.

Hugsanlegir viðtakendur eru tilgreindir í hlutanum **PERSÓNUUPPLÝSINGUM ÞÍNUM DEILT** í þessari stefnu.

UPPRUNI UPPLÝSINGA

Að jafnaði fáum við persónuupplýsingar þínar **beint frá þér**, t.d. þegar þú hefur samband við okkur, fyllir út eyðublað, kaupir vörur okkar, veitir okkur þjónustu, skráir reikning eða biður um markaðsefni og upplýsingar.

Stundum kunnum við að fá persónuupplýsingar um þig frá **öðrum aðilum**, til dæmis þegar þú hefur gefið þriðja aðila fyrirmæli um að senda okkur upplýsingar eða þegar við höfum gert samkomulag við rannsóknaraðila sem við störfum með, samstarfsaðila og þjónustuveitendur. Við kunnum einnig að safna upplýsingum sem almennur aðgangur er að, til dæmis opinberum upplýsingum eða upplýsingum af vefsvæðum, samfélagsmiðlum og öðrum stafrænum kerfum.

Ef þú notar vefsvæði okkar kunnum við að safna upplýsingum úr tölvunni þinni eða öðru tæki með því að nota kökur og aðra gagnasöfnunartækni. Frekari upplýsingar er að finna í stefnunni um notkun á kökum.

AF HVERJU VIÐ VINNUM ÚR PERSÓNUUPPLÝSINGUM ÞÍNUM

Við notum persónuupplýsingar þínar til að meðhöndla, **fylgjast með og, ef nauðsyn krefur, tilkynna um tilkynningu þína um aukaverkun eða kvörtun um vöruna í samræmi við lögmæta hagsmuni og/eða lagalegar skyldur okkar og til að vernda persónuhagsmuni þína.**

Við notum þær einnig til að gera **væntanlegar klínískar prófanir og vörur til lækninga í framtíðinni öruggari og uppfylla skyldur okkar samkvæmt lögum og reglugerðum.**

Ef þú ert þátttakandi í tilraunanotkun á vegum BeiGene notum við gögnin þín til að skrásetja heilsufarssögu þína til að stuðla að öryggi framtíðarmeðferða með vörum okkar í samræmi við lögmæta hagsmuni okkar og/eða skyldur okkar samkvæmt lögum og reglugerðum.

Ef þú nýtir persónuverndarréttindi þín notum við gögnin þín til að bregðast við beiðninni í samræmi við lagalegar skyldur okkar.

Við vinnum úr þessum upplýsingum til að fylgja lögum og efna samninga okkar og þær hjálpa okkur að **fylgjast með og/eða tilkynna aukaverkanir með tilliti til gæða vara okkar**, auk þess að gæta lögmætra hagsmuna okkar til þess að fylgjast með, taka tillit til og bregðast við hvers kyns kvörtunum vegna lyfja okkar eða meðferða.

Gerð persónusniðs og/eða sjálfvirk ákvarðanataka

„Gerð persónusniðs“ þýðir að greina áhugamál, venjur, hegðun og önnur einkenni einhvers til að spá fyrir um eða taka ákvarðanir um viðkomandi. „Sjálfvirk ákvarðanataka“ er þegar tölvuforrit, sjálfvirk kerfi eða reiknirit gerir slíka spá eða tekur slíka ákvörðun. Persónusnið, spár eða ákvarðanir eru þó aldrei inntar af hendi með fullkomlega sjálfvirkum hætti án þess að mannshöndin komi þar nærri.

HVERSU LENGI VIÐ GEYMUM PERSÓNUUPPLÝSINGARNAR ÞÍNAR

Við geymum persónuupplýsingarnar þínar **eins lengi og nauðsynlegt er** í þeim tilgangi sem lýst er hér að framan, nema lög kveði á um að við þurfum að geyma þær lengur.

Þar má einkum nefna:

- **sé um tilkynningu um aukaverkun að ræða** geymum við persónuupplýsingar sem tengjast tilkynningu þinni í minnst 25 ár.
- **sé um kvörtun vegna vöru eða meðferðar okkar að ræða** geymum við persónuupplýsingar sem tengjast tilkynningu þinni í minnst 25 ár.

Auk þess kann BeiGene að varðveita persónuupplýsingar þínar lengur á meðan eftirfarandi stendur yfir:

- **fyrningarfrestur**, ef þörf krefur vegna **sönnunargagna**;
- **viðeigandi varðveislutímar samkvæmt lögum**, einkum að því er varðar eftirlitsmál, eða annar lögboðinn varðveislutími (svo sem vegna varðveisluskyldu eða rannsóknar).

HVAR VIÐ VINNUM ÚR UPPLÝSINGUNUM ÞÍNUM OG HVERNIG VIÐ VERNDUM ÞÆR

BeiGene starfar í mörgum löndum um heim allan og persónuupplýsingarnar þínar gætu verið aðgengilegar eða þeim deilt innan BeiGene-samstæðunnar og með þriðju aðilum í mismunandi löndum eins og útskýrt er í hlutanum **PERSÓNUUPPLÝSINGUM ÞÍNUM DEILT** í þessari persónuverndarstefnu. Lög í tilteknum löndum bjóða hugsanlega ekki upp á sama umfang verndunar og lögin í landinu eða á svæðinu þar sem þú býrð. Í slíkum tilfellum, og eins og gildandi lög kveða á um, grípum við til ráðstafana til að tryggja öryggi upplýsinganna þinna, t.d. með því að gera samninga við viðtakendur upplýsinganna eða innleiða frekari gagnavernd.

Þótt við gerum okkar besta til að vernda upplýsingarnar þínar getum við ekki ábyrgst fullkomlega öryggi þeirra. Vertu á varðbergi þegar þú ákveður hvaða upplýsingum þú deilir með okkur þegar þú sendir upplýsingar netleiðis.

PERSÓNUUPPLÝSINGUM ÞÍNUM DEILT

Við kunnum að deila persónuupplýsingunum þínum innan BeiGene-fyrirtækjasamstæðunnar og með þriðju aðilunum sem tilgreindir eru hér á eftir. Það sem við deilum, af hverju við deilum því og hvaða öryggisráðstafanir við innleiðum fer eftir því hverjir þessir þriðju aðilar eru og hvar þeir eru. **Við seljum þó ekki persónuupplýsingar sem við söfnum.**

Viðtakendur	Tilgangur
<p>Fyrirtæki í BeiGene-samstæðunni (BeiGene, Ltd. og/eða dótturfyrirtæki þess) og starfsmenn hennar</p>	<p>Við kunnum að deila persónuupplýsingunum þínum innan BeiGene-samstæðunnar í almennum stjórnunarlegum, rekstrarlegum og tæknilegum tilgangi fyrir viðskipta- og/eða heilbrigðisstarfsemi okkar um allan heim.</p>
<p>Þjónustuveitendur BeiGene (t.d. greiðslumiðlanir, rannsóknarstofnanir, miðlægar rannsóknarstofur, flutningsaðilar o.s.frv.)</p>	<p>Við vinnum með þjónustuveitendum til að hjálpa okkur að stýra viðskiptum okkar um allan heim, sjá um rekstur og tæknilega þætti (t.d. klínískar rannsóknir eða aðrar rannsóknir sem BeiGene, samstarfsaðilar okkar eða samverkamenn standa að).</p>
<p>Viðskiptafélagar og samstarfsaðilar BeiGene (t.d. utanaðkomandi vísindamenn, heilbrigðisstarfsmenn, apótek og lyfjafyrirtæki, dreifingaraðilar o.s.frv.)</p>	<p>Við vinnum með viðskiptafélögum og samstarfsaðilum til að hjálpa okkur að stýra viðskiptum okkar um allan heim og sjá um rekstur og tæknilega þætti í tengslum við alþjóðlega viðskipta- og heilbrigðisstarfsemi BeiGene.</p>
<p>Tækni- og öryggisþjónustuaðilar BeiGene (t.d. hýsingaraðilar hugbúnaðar, þjónustuveitendur á sviði upplýsingatækni og markaðssetningar o.s.frv.)</p>	<p>Við vinnum með tækni- og öryggisaðilum til að aðstoða okkur við að stýra tækni- og öryggisaðgerðum og öðrum stjórnunarlegum, rekstrarlegum og/eða tæknilegum þáttum viðskipta- og heilbrigðisstarfsemi okkar um allan heim.</p>
<p>Opinberar stofnanir, yfirvöld og aðrir þriðju aðilar (t.d. opinberir aðilar, löggæslustofnanir, dómstólar, skattfyrirvöld, lyfjaeftirlit Bandaríkjanna (FDA) og aðrar stofnanir sem geta óskað eftir eða tekið á móti persónuupplýsingum frá BeiGene af ástæðum sem varða lög eða reglugerðir)</p>	<p>Við kunnum að fá beiðnir um persónuupplýsingar þínar frá opinberum yfirvöldum, dómstólum og öðrum þriðju aðilum. Við deilum aðeins persónuupplýsingum þínum ef okkur ber skylda til þess samkvæmt lögum eða reglugerðum, eða ef fram kemur skýr og rökstudd beiðni eða grunur leikur á um brot á lögum eða reglugerðum.</p>
<p>Ráðgjafar (svo sem ytri endurskoðendur, lögmenn og svipaðir aðilar)</p>	<p>Við vinnum með ráðgjöfum til að aðstoða okkur við stjórnunarlega, rekstrarlega og/eða tæknilega þætti viðskipta- og heilbrigðisstarfsemi okkar um allan heim. Stundum kunnum við að deila persónuupplýsingum með ráðgjöfum ef þeirra er þörf vegna þjónustunnar sem þeir veita, t.d. vegna meðhöndlunar ágreiningsmála og annarra lagalegra atriða.</p>

Aðrir þriðju aðilar	Ef verulegar breytingar verða á uppbyggingu BeiGene, t.d. sameining, flutningur, sala eigna BeiGene eða gjaldþrotaskipti, gætu persónuupplýsingar þínar verið fluttar til annarra aðila samkvæmt viðkomandi samningi með fyrirvara um samþykki þitt, ef við á.
----------------------------	--

VALKOSTIR ÞÍNIR OG RÉTTINDI

Þú getur valið að gefa okkur ekki upp persónuupplýsingar þínar; það gæti hins vegar falið í sér að þú getir ekki viðhaldið tengslum þínum eða samskiptum við okkur eða notað tiltekna þjónustu, t.d. stoðþjónustu fyrir sjúklinga.

Samkvæmt tilteknum lögum eins og almennu persónuverndarreglugerðinni (GDPR), persónuverndarlögum fyrir neytendur í Kaliforníu frá 2018 (CCPA), persónuverndarréttindum Kaliforníuríkis frá 2020 (CPRA) eða lögum um öryggi á netinu í Kína (þ.m.t. framkvæmdarreglugerðir þeirra og landsstaðlar) gætirðu haft eftirfarandi réttindi að því er varðar persónuupplýsingarnar þínar, eftir því hvaða lög eru í gildi þar sem þú ert:

- *Réttur til aðgangs.* Þú getur beðið okkur um skýrar, gagnsæjar og skiljanlegar upplýsingar um hvernig við meðhöndlum persónuupplýsingar þínar, þar á meðal upplýsingar um hvar og með hverjum við deilum þeim, og óskað eftir afritum af þeim.
- *Réttur til leiðréttingar.* Þú getur beðið okkur um að leiðrétta upplýsingar sem þú telur úreltar eða ónákvæmar og/eða beðið um að bætt sé við þær ef þær eru ófullnægjandi.
- *Réttur til að eyða.* Við tiltekna, takmarkaðar aðstæður geturðu jafnframt farið fram á að við eyðum persónuupplýsingunum þínum.
- *Réttur til að afturkalla samþykki.* Ef við vinnum úr persónuupplýsingunum þínum á grundvelli samþykkis þíns hefurðu rétt á að afturkalla samþykki þitt án þess að það hafi áhrif á lögmæti þess sem við gerðum áður.
- *Réttur til að flytja eigin gögn.* Þú kannt að hafa rétt til að fara fram á að við flytjum upplýsingarnar sem okkur eru veittar frá einu fyrirtæki til annars eða látum þér þær í té.

Þú gætir notið frekari réttinda sem tengjast persónuupplýsingunum þínum, allt eftir því hvar þú býrð og hvar sú skrifstofa BeiGene sem meðhöndlar persónuupplýsingarnar er staðsett. Frekari upplýsingar er að finna í kaflanum um viðkomandi ríki.

Nýting réttinda þinna.

Ef þú vilt nýta réttindi þín getur þú sent okkur tölvupóst á privacy@beigene.com.

Við bregðumst við beiðnum innan þess tímaramma sem kveðið er á um í gildandi lögum. Stundum gætum við þurft að staðfesta hver þú ert til að ganga úr skugga um að spurningin komi raunverulega frá þér og til að halda upplýsingunum þínum öruggum. Við látum þig vita (i) þegar beiðnin hefur verið afgreidd, (ii) ef við höfnum beiðninni (til dæmis vegna þess að undanþága á við) eða (iii) ef gjald er innheimt fyrir að vinna úr beiðninni.

Þú getur valið einhvern til að koma fram fyrir þína hönd en við þurfum einnig að staðfesta auðkenni viðkomandi aðila og tryggja að honum sé heimilt að koma fram fyrir þína hönd. Ef við getum ekki gert það getum við mögulega ekki orðið við beiðninni.

Kvartanir:

Ef þú telur að BeiGene hafi misfarið með persónuupplýsingar þínar eða brotið gegn réttindum þínum gætir þú átt rétt á að leggja fram kvörtun til gagnaverndaryfirvalda í heimalandi þínu. Einnig er hægt að gera okkur viðvart með því að senda tölvupóst á privacy@beigene.com. Við tökum áhyggjur þínar alvarlega.

Við mismunum þér ekki fyrir að nýta þér lagalegan rétt þinn sem skráður aðili.

STEFNA OKKAR UM KÖKUR

Kökur, pixlamerki og önnur rakningarverkfæri (hér eftir nefnd „**kökur**“) eru litlar skrár sem vefsvæði og forrit nota til að geyma eða sækja upplýsingar í vafra eða tæki (tölvu, spjaldtölvu, farsíma o.s.frv.) þegar þú notar netþjónustu okkar. Þær gera vefsvæðum kleift að muna hvað þú vilt og bæta vafranotkun.

Þegar þú heimsækir vefsvæði okkar í fyrsta skipti (eða eftir að hafa eytt kökum) biðjum við þig um leyfi til að nota kökur. Þú getur valið að samþykkja allar kökur, valið tiltekna tegundir af kökum eða hafnað öllum kökum (öðrum en nauðsynlegum kökum). Kökur persónugreina þig ekki heldur bera þær kennsl á tækið sem þú notar. Þær hjálpa okkur að skilja vafranotkun þína til að geta greint tækið síðar og fínstillt notkunarupplifun þína, vistað stillingarnar þínar og bætt upplifun þína á netinu.

Ef þú vilt fá nánari upplýsingar um kökur og sjá hvaða kökur eru í tækinu þínu geturðu farið inn á vefsvæði, t.d. www.aboutcookies.org eða www.allaboutcookies.org

Kökurnar sem við notum eru mismunandi eftir því hvaða vefsvæði eða forrit þú skoðar/notar. Við kunnum að nota eftirfarandi gerðir af kökum:

- **Bráðnauðsynlegar kökur:** Þessar kökur tryggja að vefsvæði okkar virki sem skyldi. Þær hjálpa til við öryggi, auðvelda vafranotkun og birta vefsíður á réttan hátt. Þú getur gert

þær óvirkar í stillingum vafrans en það gæti haft áhrif á virkni sumra vefsvæða. Þú getur þó notað vefsvæðin áfram.

- **Afkastakökur:** Þessar kökur hjálpa okkur að skilja hvernig gestir nota vefsvæðin okkar svo að við getum bætt þau. Þær safna upplýsingum um atriði á borð við fjölda gesta, hvaðan þeir koma og hvaða síður þeir fóru á.
- **Samfélagsmiðlakökur:** Þessar kökur gera þér kleift að nota samfélagsmiðlaviðbætur á vefsvæðunum okkar og deila efni á samfélagsmiðlum; og
- **Markkökur (auglýsingakökur):** Þessar kökur hjálpa okkur að birta þér ákveðnar auglýsingar, mæla hversu árangursríkar þær eru og sérsníða efni að áhugasviðum þínum og vafrahegðun. Slíkar kökur geta fylgst með þér yfir tímabil og á ýmsum vefsvæðum (til dæmis ef þú heimsækir vefsvæði okkar oft eða heimsækir mörg vefsvæði BeiGene).

Auk þess að velja þínar eigin kökur leyfa flestir vafrar þér að stjórna kökum í stillingum vafrans. Yfirleitt er hægt að eyða kökum sem fyrir eru og jafnvel stilla vafrann þannig að sjálfgefið sé að hann hafni öllum kökum. Hægt er að fá leiðbeiningar um þetta á heimasíðu vafrans. Ef þú hafnar öllum kökum geturðu áfram notað vefsvæðin okkar en sumir eiginleikar gætu ekki virkað rétt.

Flestar kökur skrá ekki IP-töluna þína (númerið sem netveitan notar til að auðkenna tölvuna þína) en tiltekna kökur nota þessar upplýsingar til að gera almenna athugun á staðsetningu, til dæmis til að tryggja að þér sé vísað á þá útgáfu vefsvæðisins sem á við um staðsetningu þína. Þar að auki þurfa kerfin okkar IP-töluna þína til að leiða upplýsingar (svo sem myndir á vefsvæðinu) aftur til þín. Við kunnum einnig að nota IP-tölur til að eiga samskipti við eða loka á gesti sem fara ekki að [notkunarskilmálum okkar](#).

Fyrir markvissar (auglýsinga-)kökur bregðumst við við merkjunum „Ekki rekja“ í vafranum. Þú getur fengið frekari upplýsingar um merkin „Ekki rekja“ hér: <https://allaboutdnt.com/>.

AÐ Hafa samband við okkur

Þú getur alltaf haft samband við okkur ef þú hefur einhverjar spurningar eða athugasemdir um persónuverndarstefnu okkar eða starfsvenjur. Hægt er að senda tölvupóst á privacy@beigene.com.

Við leitumst við að bregðast við beiðni þinni eins fljótt og kostur gefst, í samræmi við gildandi lög.

Til að tryggja persónuvernd þína og öryggi grípum við til raunhæfra ráðstafana til að staðfesta hver þú ert áður en við veitum aðgang eða gerum leiðréttingar. Athugaðu að þrátt fyrir að beðið hafi verið um að upplýsingar séu fjarlægðar eða þeim breytt gætu leifar af upplýsingum orðið eftir í gagnagrunnum okkar og öðrum skráum.

Við leitumst við að koma til móts við alla einstaklinga óháð fötlun. Ef þú þarft þetta skjal á öðru sniði skaltu hafa samband við okkur í privacy@beigene.com.